

# Afrekshundur ársins 2018

## LEYNIGARÐS GLAUMUR

Eigendur: Ásdís Gunnarsdóttir & Garðar Aron Guðbrandsson

Ræktendur: Guðlaug Gísladóttir & Sigrún R. Guðlaugardóttir



Á myndunum sjást þau Glaumur og Fjóla

Tilnefninguna hlýtur hann fyrir sinn hlut í lífi stúlku sem heitir Fjóla Röfn. Hann er í eigu Ásdísar Gunnarsdóttur og Garðars Arons Guðbrandssonar og kemur frá Leynigarðs ræktun.

Fjóla er fjögurra ára og er með sjaldgæft heilkenni sem hefur ýmis áhrif á líf hennar. Þau Fjóla og Glaumur eiga einstakt samband og hefur þessi ungi Labrador rakki auðgað líf hennar og fjöskyldunnar allrar. Hann er því heiðraður með nafnbótinni Afrekshundur ársins hjá HRFÍ árið 2018.

Til hamingju Fjóla, Ásdís og Garðar með Glaum.